

VIRÐI **FORYSTU**

Skortur á formlegri þjálfun og stuðningi við verðandi og vaxandi stjórnendur ýtir undir vanmáttarkennd, þirring og höfnunartilfinningu þessa mikilvægu einstaklinga og stjórnendur upplifa að þeim sé ekki treyst.

FranklinCovey stóð fyrir nýrri rannsókn sem sýnir hvers vegna formleg leiðtogaþjálfun **SKER ÚR UM** hvort vinnustaður nær árangri eður ei. Stjórnendur sem höfðu ekki fengið formlega þjálfun **FINNST ERFIÐARA** að takast á við breytingar, eiga öflug samskipti, vinna að markmiðasetningu og halda starfsfólki ábyrgu.

56% vinnustaða veita starfsfólki
EKKI formlega leiðtogaþjálfun.

Þegar þú **UNDIRBÝRÐ EKKI** starfsfólk til
að taka forystu er framtíðarvelgengni
vinnustaðar þíns **TILVILJUNUM** háð.

ERU STJÓRNENDUR ÞÍNIR **PIRRAÐIR**?



Stjórnendur þínir, á öllum stöðum skipuritsins, hafa gríðarlega mikil áhrif á rekstrarárangur. Þeir leiða og hvetja framlínustarfsfólk og er falið að framkvæma stefnumiðaðar áætlanir. Stjórnendur eru burðarás vinnustaðarins.

Að ná árangri í viðskiptum getur verið erfitt í umhverfi dagsins í dag. Samkeppnisaðilar herma linnulaust eftir vörum þínum, þjónustu og vörumerki. Starfsfólk hverfur á braut og tekur þekkingu með sér. Alþjóðleg samkeppni er að aukast og söluhagnaður að minnka.

Flókin hópverkni og ólíkur stjórnunarstíll mismunandi kynslóða skapa innri óvissu. Jafnvel fólk með áratugareynslu úr viðskiptalífinu, gott tengslanet og mikla rekstrarþekkingu getur jafn auðveldlega tapað og það getur unnið. Meira en nokkru sinni fyrr þurfa stjórnendur á traustum grunni að halda, en flestir þeirra eru settir í aðstöðu þar sem þeir þurfa sjálfir að læra að leiða starfsfólk. Mikil pressa ásamt skorti á hagnýtri verkþekkingu er uppskrift að svekkelsi.

Nýjar rannsóknir hafa leitt eftirfarandi í ljós:

60% stjórnenda finnst ábyrgð sín yfirþyrmandi a.m.k. nokkrum sinnum í mánuði

1/2 ár er tíminn sem það tekur stjórnendur að finnast þeir skipta sköpum

2x meira er sjálfstraust stjórnenda sem fengið hafa þjálfun en þeirra sem skortir hana



Þessar aðstæður eru alltof algengar. Stjórnendur, bæði **spenntir fyrir og ofurliði bornir af ábyrgð sinni**, er hent inn í nýtt hlutverk með einungis hamingjuóskir í farteskinu.

UPPLIFA STJÓRNENDUR ÞÍNIR **VANMÁTT?**

Margir stjórnendur kunna jafnvel ekki að gera sér grein fyrir takmörkunum sínum. 95% stjórnenda hafa trú á að þeir muni standa undir væntingum en vinnustaðir segja að þeir velji rangan stjórnanda í 82% tilvika.

Nýjar rannsóknir hafa leitt eftirfarandi í ljós:

Stjórnendur sem ekki hafa fengið neina leiðtogaþjálfun eru líklegri til að eiga í erfiðleikum með að:

- Halda starfsfólki ábyrgu
- Setja skýr markmið
- Takast á við breytingar og óvissu
- Eiga í samskiptum við yfirstjórnendur


Stjórnendum sem finnast aðstæður oft yfirþyrmandi eru líklegri til að:

- Vera óvissir um hvort þeir geti stýrt verkefnum með árangursríkum hætti
- Segja að margar hliðar starfs þeirra séu ekki undir þeirra stjórn
- Vera óvissir um hvort þeir geti leitt teymi sitt gegnum breytingar

95% STJÓRNENDA HAFNA TRÚ Á AÐ ÞEIR MUNI NÁ ÞEIM ÁRANGRI SEM VÆNST ER AF ÞEIM



82% AF TÍMANUM SEGJAST VINNUSTAÐIR HAFNA VALIÐ **RANGAN STJÓRNANDA.**



*Heimild: *Gallup Business Journal*: Why Great Managers Are So Rare; March 25, 2014

NJÓTA STJÓRNENDUR ÞÍNIR **TRAUSTS?**

Traust er sá þáttur forystu sem drífur teymi áfram. Þegar stjórnendur treysta ekki teymi sínu, eykst örstjórnun og hægist á framvindu. Þegar teymi treysta ekki stjórnendum sínum, bugast starfsfólk og finnst það vanmáttugt. Vinnustaðir sem veita stjórnendum verkfæri sem stuðla að trausti leysa úr læðingi gríðarlegan sköpunarkraft og samvinnu.

Eftirfarandi kom í ljós um stjórnendur sem ekki hafa fengið formlega leiðtogaþjálfun:



29%

ÓLÍKLEGRI TIL AÐ SEGJA AÐ ÞEIR NJÓTI ÖRUGGLEGA **TRAUSTS** TEYMIS SÍNS



69%

FINNST ÓÞÆGILEGT AÐ FÁ BRÝNA **UPPBYGGJANDI** ENDURGJÖF



21%

LÍKLEGRI TIL AÐ **SLEPPA ÞVÍ** AÐ VEITA BRÝNA **ENDURGJÖF** VEGNA ÞESS AÐ SLÍKT ER ÓÞÆGILEGT

91%

STJÓRNENDA HAFNA TRÚ Á AÐ ÞEIR NJÓTI **TRAUSTS TEYMIS SÍNS**



58%

STARFSFÓLKKS SEGIST **TREYSTA ÓKUNNUGU FÓLKI** MEIRA EN YFIRMANNI SÍNUM



ERU STJÓRNENDUR ÞÍNIR **REIÐUBÚNIR** AÐ TAKA FORYSTU?

Góðu fréttirnar eru þær að koma má í veg fyrir að stjórnendur bregðist. Með nýju hugarfari og verkfærum verður velgengni stjórnenda ekki lengur tilviljunum háð.

Samkvæmt sjálfstæðum rannsóknum er mikill munur milli stjórnenda sem fengið hafa leiðtogaþjálfun og þeirra sem ekki hafa hlotið slíka þjálfun.



STJÓRNENDUR SEM **HAFA AÐGANG** AÐ FORMLEGRI LEIÐTOGAÞJÁLFUN:


eru betur undirbúnir til að leiða teymi sitt gegnum breytingar

eru betur undirbúnir til að þjálfa og þróa teymi sitt

líður betur með að fá brýna uppbyggjandi endurgjöf

eru líklegri til að segja að þeir njóti trausts teymisins

hafa meira sjálftraust sem leiðtogar nú samanborið við þegar þeir tókust fyrst á hendur hlutverkið



SKÝRSLA FRANKLINCovey UM STJÓRNENDUR

Skýrsla FranklinCovey um stjórnendur byggir á meginlegri rannsókn sem hjálpar vinnustöðum að skilja hvernig eigi að virkja og efla slíka stjórnendur. Sjálfstætt rannsóknafyrirtæki gerði könnun meðal slembiúrtaks 400 stjórnenda í nóvember 2018. Skekkjumörk við 95% öryggisstig eru plús eða mínus 4,9%.

Sendu okkur tölvupóst til að fá frekari upplýsingar um hvernig við getum aðstoðað stjórnendur á þínum vinnustað.

Kíktu á www.franklincovey.is eða sendu okkur tölvupóst á info@franklincovey.is